

Starfsáætlun heilsuleikskólans Álfasteins 2023-2024



Efnisyfirlit

Leikskólinn Álfasteinn	4
Áætlaður fjöldi barna.....	4
Starfsfólk leikskólans og símenntunaráætlun	4
Yfirstjórn og ráðgjöf við leikskólann Álfastein	5
Símenntunaráætlun	6
Dagskipulag leikskólans.....	6
Dagurinn/vikan á Álfasteini.....	8
Móttaka barna	8
Morgunmatur.....	8
Hópastarf	8
Listsköpun: myndlist, tónlist og leikræn tjáning	10
Íþróttir	10
Skólahópur	10
Gönguferðir.....	11
Útivera.....	11
Útiskóli	11
Frjáls leikur	11
Matartímar.....	12
Hádegissamvera.....	12
Val	12
Brottför	12
Faglegar áherslur.....	12
Einkunnarorð Álfasteins eru “ Með sól í hjarta”.....	12
Meginmarkmið Álfasteins eru:	13
Leiðir að markmiðum eru:	13
Grænfáninn	14

Heilsustefnan	14
Jákvæður agi	14
Þroskaathuganir	15
Mat og umbætur	15
Teymi og ráð	16
Hefðir skólans og fastir liðir	16
Foreldrasamstarf	17
Að byrja í leikskóla – aðlögun	17
Foreldrasamtöl	18
Foreldrafundir	18
Foreldrafélag og foreldraráð	18
Foreldrafélag	18
Starfsreglur fyrir Foreldrafélag Álfasteins	18
Foreldraráð	19
Öryggismál	19
Ýmislegt	20
Starfsdagar, námskeiðsdagur og starfsmannafundir	20
Fjarvistir og breytingar	20
Karellen	20
Veikindi barna	20
Klæðnaður	20
Óhöpp og slys - tryggingar	21
Óveður	21
Lög og reglugerðir	21
Þagnarskylda	21
Tilkynningaskylda	21
Fylgiskjöl	22
Skóladagatal: sjá heimasíðu leikskólans	22
Jafnréttisáætlun: sjá heimasíðu leikskólans	22
Eineltisáætlun: sjá heimasíðu leikskólans	22
Fjölmeningarstefna: sjá heimasíðu leikskólans	22



Leikskólinn Álfasteinn

Álfasteinn í Hörgársveit er Heilsuleikskóli rétt norðan Akureyrar. Hann stendur ofan við þjóðveginn umlukinn trjágróðri. Nafn leikskólans er dregið af bóndabænum Dvergasteini norðan við Álfastein. Lóðinni er skipt í ungbarna leiksvæði og eldri barna leiksvæði. Sumarið 2020 var byrjað að endurgera lóðina og var því lokið í ágúst 2023. Í fyrsta hluta var gert afgirt svæði fyrir yngstu börnin með snjóbræðslu undir hellulögn og gervigrasi og eru þar 4 ungbarna rólur, sandkassi með litlu borði, tveir litlir kastalar með rennibraut. Í þessum áfanga var einnig gerður sandkassi með bryggju, borði og stólum fyrir eldri krakkana. Sumarið 2021 var landslagi leikskólalóðarinnar breytt, öll tré felld og hólar teknir og gerðir aflíðandi að nýrri girðingu, sem sett var upp um haustið, með því stækkaði lóðin í 2400 m². Þá kom einnig trékofi fyrir börnin og tvö mörk. Suðurhluti lóðar var malbikaður, nýr útileikfangaskúr var byggður, nýjar rólur voru settar á svæði eldri barna og eru þar nú 6 rólur saman í hring. Einnig var fyrir á lóðinni kastali með rennibraut og klifurgrind. Sumarið 2022 var miðsvæði lóðar malbikað, sett var upp körfuboltakarfa, nýr kastali keyptur til viðbótar þeim gamla og strætó fluttur af ungbarnasvæði yfir á svæði eldri barna. Smíðað var útielldhús og kassi til að geyma búsáhöld í. Búið var til völunderhús úr trédrumbum og tréstiklur settar í grasið við trékofann og völunderhúsið. Þá var ungbarna leiksvæðið stækkað og lagfærð snjóbræðsla í undirlagi.

Leikskólinn er nú fjöggra deilda, Ljósálfadeild fyrir 1 til 2 ára, Álfadeild fyrir 2-3 ára, Dvergadeild og Trölladeild báðar fyrir 4-6 ára. Leikskólinn er opinn frá 7:45 til 16:15. Hann tók til starfa 30. júlí árið 1995 og var þá 114 fm. með rými fyrir 16 börn. Þann 9. júní 2007 var 160 fm. viðbygging við leikskólann vígð og voru þá rými fyrir 32 börn. Vegna mikillar aðsóknar að leikskólanum var tekin ákvörðun um að stækka hann enn frekar. Þann 1. mars 2018 var fyrsta skóflustunga tekin að 109 fm viðbyggingu sem var vígð 9. ágúst 2019, þar er vinnuaðstaða kennara. Á sama tíma var fyrrum vinnuaðstöðu kennara breytt í deild sem nú heitir Trölladeild og voru þá 44 börn í leikskólanum. Í mars 2020 var þriðja deildin, Dvergadeild tekin í notkun, ásamt íþróttasal og sérkennsluherbergi. Veturinn 2022 til 2023 var byggð fjórða deildin við leikskólann, Ljósálfadeild, ásamt stærri starfsmannaaðstöðu. Ljósálfadeild var tekin í notkun í apríl 2023 og voru þá komin 75 börn í leikskólann en pláss er fyrir 90 börn við þessa stækkun. Í júlí 2023 var nýja viðbótar starfsmannaaðstaðan tekin í notkun. Þar er kaffistofa, fundarherbergi, tvö vinnuherbergi og sérkennsluherbergi. Nú er leikskólinn tæpir 900 fm að stærð.

Áætlaður fjöldi barna

Veturinn 2023 – 2024 er áætlaður fjöldi barna 61 um áramót. Áætlaður fjöldi dvalarstunda er 485 tímar. Fjöldi sérkennslubarna er 3 og fjöldi fjölyngdra barna er 4.

Starfsfólk leikskólans og símenntunaráætlun

Í vetur munu starfa hér 25 starfsmenn í 23,32 stöðugildum.

Leikskólastjóri: Hugrún Ósk Hermannsdóttir leikskólakennari 100 %

Aðstoðarskólastjóri: Sigríður Gréta Þorsteinsdóttir leikskólakennari 50 %

Deildarstjóri Ljósálfadeild: Halldóra Elín Jóhannsdóttir leikskólakennari 100%

Deildarstjóri Álfadeild: Jelena Kovacevic 100%

Deildarstjóri Trölladeild: Kristín Guðrúnardóttir leikskólakennari 100 %

Deildarstjóri Dvergdeild: Bryndís Hulda Ríkharðsdóttir hjúkrunarfræðingur 100 %

Sérkennslustjóri: Bára Björk Björnsdóttir leikskólasérkennari 100%

Matráður: Borghildur Freysdóttir 62,5 % og aðstoðarmatráður er Katrín Helgadóttir 100 %

Tengiliðir um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna: Bára Björk Björnsdóttir og Hugrún Ósk Hermannsdóttir

Leikskólastjóri er yfirmaður leikskóla og ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfinu. Hann ber ábyrgð á að mótuð sé heildarstefna í uppeldis- og menntamálum leikskólans, að áætlanir séu gerðar og að fram fari reglulegt mat á starfi leikskólans.

Aðstoðarskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra í fjarveru hans. Hann stjórnar daglegum rekstri deilda og fer með starfsmannastjórnun.

Deildarstjóri stýrir starfi á deild.

Sérkennslustjóri ber ábyrgð á sérkennslu í leikskólanum.

Leikskólakennarar og leiðbeinendur vinna á deild að uppeldisstarfi með börnum eftir starfslýsingu leikskólakennara og skólanámskrá.

Matráður sér um innkaup í samráði við leikskólastjóra. Hann eldar og framreiðir morgunverð, hádegisverð og síðdegishressingu. Matráður sér einnig um allan frágang og þrif í eldhúsi og þværvottinn.

Yfirstjórn og ráðgjöf við leikskólann Álfastein

Oddviti Hörgársveitar er Axel Grettisson.

Sveitarstjóri Hörgársveitar er Snorri Finnlaugsson.

Fræðslunefnd Hörgársveitar fer með yfirstjórn leikskólans í umboði sveitarstjórnar. Í henni sitja fyrir hönd sveitarfélagsins: Jóhanna Oddsdóttir, Sigurbjörg Auðunsdóttir og Ásgeir Andrésen. Auk þeirra eiga setu rétt á fundum skólastjórnendur leik- og grunnskóla sveitarfélagsins, starfsmaður og foreldri frá hvorum skóla.

Leikskólaráðgjöf og sérfræðiþjónusta

Leikskólinn er með samning við Fræðsluvið Akureyrar um faglegt eftirlit og ráðgjöf við leikskólann. Ráðgjöf vegna einstakra barna er einnig fengin þaðan. Þar starfa sálfræðingur, þroskaþjálfari og leikskólasérkennari. Gerður hefur verið samningur við talmeinafræðinga á Akureyri um þjónustu við leikskólabörn. Sýnist leikskólakennurum að frávík séu í þroska einstakra barna ber þeim að tilkynna það leikskólastjóra. Ekkert er aðhafst frekar án samráðs við foreldra.

Símenntunaráætlun

- **Skyndihjálparnámskeið** 4 klst. – allir starfsmenn
- **Jákvæður agi** – 2ja daga grunnnámskeið – einn starfsmaður af hverri deild
- **„Eftir krefjandi tíma“** streitustjórnun og hvernig við höldum okkur í lagi. Verkefnavinna og þankahrið um hvað skiptir okkur máli inn á vinnustaðnum. Samskipti og líðan og umræða um góða liðsheild. – 3 klst. -allir starfsmenn. Vigdís Ásgeirsdóttir sálfræðingur og ráðgjafi í mannauðsmálum.
- **Fyrirlestur frá Barnavernd** 1 klst – allir starfsmenn. Jóhanna Hjartardóttir
- Mio og Bragðlaukaþjálfun – fyrirlestur á sameign – Nýtt starfsfólk
- Fræðsla samtaka 78 – allir starfsmenn
- Stærðfræði í leikskóla – allir starfsmenn - Sigrún
- Ísat – kynning – allir starfsmenn
- Ráðstefna Samtaka heilsuleikskóla Reykjavík – allir starfsmenn 14/3 til 15/3 Fyrirlestrar og leikskólar skoðaðir
- Fæðuvandi og íhlutun hjá börnum – 3 klst - Bára

Dagskipulag leikskólans

Ljósálfadeild;

Kl. 7:45 Leikskólinn opnar, tekið á móti börnum á deild, róleg stund

Kl. 8:10 - 8:45 Morgunmatur

Kl. 8:45 – 9:00 Söngstund

Kl. 9:00 - 10:00 Hópastarf

Kl.10:15 - 11:00 Útivera/Hópastarf

Kl.11:15 -11:45 Hádegismatur

Kl.11:45 -14:10 Svefn/ frjáls leikur

Kl.14:10 – 14:30 Síðdegishressing

Kl.14:30-16:00 Frjáls leikur/Útivera

Kl. 16:00-16:15 Ganga frá, róleg stund

Kl. 16:15 Leikskólinn lokar

Álfadeild;

Kl. 7:45 Leikskólinn opnar, tekið á móti börnum á deild, róleg stund

Kl. 8:10 - 8:40 Morgunmatur

Kl. 8:40 – 9:00 Söngstund

Kl. 9:00 - 10:00 Hópastarf

Kl.10:15 - 11:00 Útivera

Kl.11:15 -11:45 Hádegismatur

Kl.11:45 -14:10 Svefn/ frjáls leikur
Kl.14:10 – 14:30 Síðdegishressing
Kl.14:30-16:00 Frjáls leikur
Kl. 16:00-16:15 Ganga frá, róleg stund
Kl. 16:15 Leikskólinn lokar

Dvergadeild;

Kl 7:45 Leikskólinn opnar, tekið á móti börnum á deild, róleg stund
Kl. 8:10 Morgunmatur
Kl. 8:45 Söngstund
Kl. 9:00 Hópastarf/útivera/íþróttir/stærðfræði/útiskóli
Kl. 11:15 Hádegismatur
Kl. 11:45 Hvíld/samvera
Kl. 12:20 Frjáls leikur
Kl. 13:00 Hópastarf/útivera/skólahópur/tónlist
Kl. 14:10 Síðdegishressing
Kl. 14:30 Frjáls leikur/ val
Kl. 16:00 Ganga frá, róleg stund
Kl. 16:15 Leikskólinn lokar

Trölladeild;

Kl 7:45 Leikskólinn opnar, tekið á móti börnum á deild, róleg stund
Kl. 8:10 Morgunmatur
Kl. 8:45 Söngstund
Kl. 9:00 Hópastarf/útivera/íþróttir/ stærðfræði/útiskóli
Kl. 11:15 Hádegismatur
Kl. 11:45 Hvíld/samvera
Kl. 12:20 Frjáls leikur
Kl. 13:00 Hópastarf: tónlist/ útivera/skólahópur
Kl. 14:10 Síðdegishressing
Kl. 14:30 Frjáls leikur/ val
Kl. 16:00 Ganga frá, róleg stund
Kl. 16:15 Leikskólinn lokar

Dagurinn/vikan á Álfasteini

Móttaka barna

Álfasteinn er fjögur deilda leikskóli. Tvær forstofur eru á Álfasteini, önnur er fyrir börnin á Álfa- og Ljósálfadeild en hin er fyrir börnin á Dverga- og Trölladeild. Hvert barn á hólfi og snaga fyrir útifötin, hólfið er merkt með nafni barnsins og mynd af því. Í upphafi dvalar fær hvert barn gefins taupoka merktan með nafninu sínu. Ætlast er til að pokinn hangi í hólfinu þegar barnið er í leikskólanum og sé nýttur fyrir fót milli heimilis og skóla. Lögð er áhersla á hlýlegar móttökur, börn og foreldrar finni að þau séu velkomin í leikskólann sinn. Þegar börnin hafa kvatt foreldra sína, finna þau sér viðfangsefni fram að morgunmat, lögð er áhersla á rólega stund.

Klukkan 7:45 mæta fjórir fyrstu kennararnir, einn kennari tekur á móti börnum á hverri deild.

Morgunmatur

Morgunmatur er frá klukkan 8:10 til 8:40. Ef barn á að borða morgunmat þarf það að vera komið fyrir klukkan hálf níu. Morgunmaturinn er hafragrautur með ýmsu góðgæti út í, mismunandi dag frá degi. Mikil áhersla er lögð á hollt fæði og eru matseðlar leikskólans yfirfarnir af næringarfræðingi heilsustefnunnar. Maturinn sem boðið er upp á inniheldur samanlagt um 70 % af áætlaðri næringarþörf barns dag hvern.

Hópastarf

Ljósálfadeild;

Eftir morgunmat er sameiginleg söngstund alla daga. Hópastarf er alla daga, hver hópur á eitt svæði hvern dag, boðið er upp á listsköpun, frjálstan leik og íþróttir. Útivera er eftir hópastarf en stundum erum við inni í frjálsum leik ef veður er óhentugt eða hluti hópsins er úti og hinn er inni þetta fer eftir dagsformi barnanna, stundum er útivera eftir síðdegishressingu ef aðstæður eru hagstæðar. Á föstudögum eru íþróttir og listsköpun hjá öllum. Einn til tveir uppkomudagar eru í hverjum mánuði og tökum við þátt í þeim inn á Ljósálfadeild, með smá uppbroti á hefðbundnum degi. Megin áhersla er á frjálstan leik barnanna þar sem þau uppgötva eigin getu og tilfinningar, skipulagt hópastarf er ekki löng stund í fyrstu en lengist svo eftir færni og getu barnanna.

Álfadeild;

Eftir morgunmat er söngstund. Hópastarf er mánudaga til fimmtudaga, hóparnir skipta sér á svæði og fara í íþróttir, listsköpun og frjálstan leik eftir því hvaða svæði þeir eiga. Alla miðvikudaga milli 9:00 og 10:00 förum við í nýja íþróttasalinn, barnahópnum er skipt, tveir hópar fara í salinn og hinir tveir vikuna á eftir. Á föstudögum er flæði þá skipta kennararnir sér á svæði og börnin fara á milli svæða eins og þau vilja, einn til tvo föstudaga í mánuði eru ýmsar uppkomur t.d. rugludagur, litadagar osfrv.

Dvergadeild;

Dagurinn byrjar rólega fram að morgunmat. Eftir morgunmat förum við í söngstund í salnum, þar syngjum við fjölbreytt lög. Klukkan níu hefst hópastarf, þá fara börnin í hópastarfshópana sína, það er mismunandi eftir dögum hvað hver hópur gerir, en skipulagða starfið er milli níu og ellefu og aftur milli eitt og tvö. Hver hópur fer að lágmarki einu sinni út á þessu tímabili.

Hópastarf fer fram mánudaga til fimmtudaga en á föstudögum er uppbot, þá er frjáls leikur, stundum er opið á milli deilda þá geta dvergar farið yfir á Trölladeild og öfugt og einu sinni til tvisvar í mánuði eru uppákomur á föstudögum t.d náttfatadagur, litadagar, rafmagnslausdagur osfrv.

Hver hópur fer í íþróttir, stærðfræði og heldur barnafund einu sinni í viku og hefur tvo klukkutíma fyrir listsköpun á viku. Elstu tveir árgangarnir á deildinni fara einnig í tveggja tíma útiskólakennslu á viku. Í hópstarfi eru fjölbreytt viðfangsefni eftir þroska og getu hópanna, jafnt úti sem inni.

Á Dvergadeild er borðað á þremur stöðum, á tveimur borðum þar sem tveir elstu árgangarnir borða er borðþjónn sem aðstoðar við að leggja á borð. Eftir matinn fara börnin í hvíld/samveru, yngstu börnin liggja á dýnum með teppi og hlusta á sögur/tónlist en eldri börnin sitja meðan lesin er bók, sögð saga, hlustað eða annað rólegt. Að hvíld lokinni er frjáls leikur þar til skipulagða starfið hefst aftur klukkan 13 og það er fram að síðdegishressingu. Eftir síðdegishressingu er frjáls leikur eða val á deildinni, í sal, dúkkukrök eða úti en þeim svæðum deilum við með Trölladeildinni. Klukkan fjögur er farið að ganga frá og er róleg stund til 16:15.

Trölladeild;

Á Trölldeild byrjum við daginn í rólegheitum og förum svo í morgunmat. Eftir morgunmat förum við í morgunsamveru inn í Fjólu þar sem er sungið, farið yfir staf vikunnar og fleira. Hópastarf er alla daga nema föstudaga þá er uppákomur eða frjáls leikur. Klukkan níu hefst skipulagt starf, þá fara börnin í hópastarfshópana sína. Hver hópur fylgir ákveðnum kennara allan veturinn og það er mismunandi eftir dögum hvað hver hópur gerir á hverjum degi. Skipulagða starfið er milli níu og ellefu og aftur milli eitt og tvö. Hver hópur fer einu sinni í viku í íþróttir, salinn til að leika, útiskóla og á barnafund. Fara hóparnir svo tvisvar í viku í listsköpun.

Klukkan 11 er hádegismaturinn og öll börnin fá tækifæri til að vera borðþjónn sem aðstoðar við að leggja á borð. Eftir matinn fara börnin í hvíld, börnin sitja meðan lesin er bók, sögð saga, eða hlustað á hljóðbók. Að hvíld lokinni er frjáls leikur þar til skipulagða starfið hefst aftur klukkan eitt. Eftir síðdegishressingu er frjáls leikur á deildinni, í sal eða dúkkukrök, en þeim svæðum deilum við með Dvergadeildinni. Oft er farið út milli þrjú og fjögur.

Í öllu starfi leikskólans eru meginmarkmið hans og námsþættir aðalnámskrár leikskóla undirliggjandi. Leikur og sköpunargleði, virðing og vinátta, náttúra og umhverfi, hreyfing og

hollusta, allt er þetta fléttað inn í umönnun og kennslu. Við lærum í gegnum leikinn og vinátta og samskipti er rauði þráðurinn í starfinu okkar með börnunum.

Listsköpun: myndlist, tónlist og leikræn tjáning

Listsköpun er ein þriggja meginstoða heilsustefnunnar og þar gildir fjölbreytt sköpun og tjáning, börnin endurskapa upplifun sína í skapandi starfi eins og í leik. Unnið er út frá ákveðnum hugmyndum eða þema en svo gildir líka að grípa og vinna áfram með hugmyndir barnanna eins og hægt er. Börnin standa gjarnan upp fyrir framan hópinn og sýna/segja frá listaverkinu sínu eða vinna saman að stærri verkum. Reynt er að gefa börnunum þann tíma sem þau þurfa og tekið er tillit til þess að þau þurfa mismikinn tíma og eru mis-áhugasöm. Í listavinnunni er líka hægt að búa til leikrit og sögur og muna að ferlið sjálft er jafn mikilvægt og afurðin. Við notum fjölbreyttan og opinn efnivið og tækni, lesum náttúruna til hugmynda og notum efni þaðan líka.

Tónlist er úrvals vettvangur fyrir málörvun, hljóðvitund og hlustun og í hópastarfi og söngstund kynnast börnin og fá tækifæri til að spila á mismunandi hljóðfæri, upplifa takt og hrynjanda og fá tækifæri til að koma fram fyrir hóp. Einnig er hlustað á tónlist og reynt að hafa hana sem fjölbreyttasta, klassíska tónlist, dægurtónlist og barnalög. Við notum þulur og leggjum áherslu á tónblæ og styrk, æfum okkur að telja í og klappa takt. Í vetur munu tveir elstu árgangarnir fá tónlistarkennara í heimsókn frá Tónlistarskóla Eyjafjarðar einu sinni í viku.

Íþróttir

Hreyfing er ein þriggja meginstoða heilsustefnunnar. Skipulagðar íþróttir í salnum eru einu sinni í viku fyrir hvern árgang. Að auki eru frjálssir tímar í íþróttasal skólans seinnipart dagsins fyrir þá sem það vilja og hafa mikla hreyfipörf. Í íþróttatímum æfa börnin ákveðna hreyfifærni og árangurinn er skráður í Heilsubók barnsins tvisvar á ári sem er á rafrænu formi. Þau þurfa að klæða sig úr og í og lúta ákveðnum reglum. Einnig förum við í leiki í salnum, notum áhöldin sem við eigum eða förum í göngutúra um nágrennið. Íþróttir eiga að efla þrek og þor, fín- og grófhreyfingar, samhæfingu, fjarlægðarskyn, úthald, jafnvægi, samvinnu, leikgleði og sjálfstraust. Börnin eru hvött til að nýta tímann vel og vera dugleg að drekka vatn meðan á æfingu stendur. Við leggjum áherslu á að; hvetja, æfa og hrósa þar sem æfingin skapar meistarann og góð heilsa er gulli betri.

Skólahópur

Í skólahóp eru börnin markvisst að undirbúa sig fyrir grunnskólagönguna. Þau vinna m.a. „skólaverkefni“ þar sem lögð er áhersla á einbeitingu, úthald, samvinnu, að skrifa, leika með tölur, læsi og rýma. Einnig er hópurinn vikulega í málörvunartíma. Unnið er með lýðræði og jafnrétti. Þau fara í ýmsar ferðir sem eru eingöngu fyrir þennan hóp og taka þátt í samstarfi Álfasteins og Þelamerkurskóla, en það eru samtals 6 heimsóknir sem skólahópur fer í Þelamerkurskóla auk þess kemur 1. og 2 bekkur í heimsókn til okkar a.m.k einu sinni. Einnig taka börnin þátt í verkefninu Logi og Glóð sem Slökkvistöð Akureyrar stendur fyrir. Slökkvilið Akureyrar hefur um árabíl sinnt því verkefni að veita elstu börnum leikskólans fyrstu fræðslu um eldvarnir. Eldvarnarfulltrúi kemur í heimsókn að hausti ásamt slökkviliðsmanni í fullum skúða á

slökkviliðsbíl. Börnin fá að skoða slökkviliðsbílinn, sagt er frá mikilvægi eldvarna og þeim afhent efni sem nýtist til innra eftirlits í eldvarnarmálum á leikskólanum. Verkefninu líkur að vori þegar elstu börnin fara ásamt kennara í heimsókn á Slökkvistöðina. Að vori lýkur skólahópsstarfinu með útskriftarferð og formlegri útskrift. Í vetur verður tilvonandi grunnskólahópur með starfið sitt kl: 13:00 á þriðjudögum auk þess að fara í ýmsar ferðir að morgninum.

Gönguferðir

Gönguferðir eru hluti af hópastarfi í vetur. Í gönguferðum leggjum við áherslu á að kynnast náttúrunni og því sem fyrir augun ber, þær eru góð þjálfun fyrir úthald og þol barnanna. Við förum gjarnan í skóginn hér sunnan við og stundum áfram inn í íbúðahverfið á Lónsbakka eða lengra. Svo er hægt að fara í hina áttina á gamla fótoltavöllinn og svæðið þar í kring. Þessar ferðir eru bæði til að fá fjölbreytta hreyfingu og fræðast um nágrennið og náttúruna. Við stundum trjáklifur og þúfnagang og stundum heimsækjum við kindur og hesta sem eru í girðingu í nágrenni leikskólans.

Við veltum veðrinu fyrir okkur og árstíðaskiptunum, fylgjumst með breytingunum á trjánum, skógarbotninum og litla læknum sem rennur rétt sunnan við leikskólalóðina.

Útivera

Í útiveru er aðaláherslan lögð á frjálsan leik barnanna. Útileiksvæðið er stórt og fjölbreytt með leiktækjum, móa og brekkum. Þar fá börnin tækifæri til að hreyfa sig að vild og um leið að venjast íslensku veðurfari og læra að búa sig eftir aðstæðum. Einnig höfum við aðgang að skógi og stóru bersvæði utan girðingar. Þar er komin vísir að útiskólasvæði sem eftir á að þróast meir þegar fram líða stundir.

Við viljum að börnin kynnist fjölbreytileika náttúrunnar og um leið nánasta umhverfi sínu og læri að njóta hennar. Um leið læra þau að finna til ábyrgðar og virðingar gagnvart henni. Eldri börnin klæða sig að mestu leyti sjálf út. Yngri börnin eru hvött til að klæða sig sjálf eftir getu hvers og eins en þurfa auðvitað meiri aðstoð, sérstaklega við vetrarfötin. Það sama gildir þegar komið er inn, börnin fá hjálp eftir þörfum við að klæða sig úr og ganga frá útifötunum og skónum.

Útiskóli

Útiskóli er fyrir alla hópana á Dverga- og Trölladeild. Við erum mest í skóginum og líka inni í hverfi að rannsaka umhverfið og náttúruna. Við fáum góða hreyfingu og aukið rými fyrir frjálsan leik en kennararnir leggja svo inn verkefni og ýmsan fróðleik. Þarna er líka barnahópum af báðum deildum blandað saman til að auka félagavalið og auka samvinnu milli eldri deildanna tveggja.

Frjáls leikur

Við leggjum áherslu á frjálsan leik og styðjum við hann með því að bjóða upp á fjölbreytt leiktækifæri, efnivið og nægan tíma. Börnin velja þá oftast sjálf hvar þau vilja leika sér og með hvað, en það frelsi takmarkast af því hvaða herbergi eru í boði hverju sinni. Við takmörkum

fjöldann inn í herbergin og verndum líka stundum leik barna sem er kominn í gang með því að meina öðrum börnum tímabundið aðgang að herberginu. Kennarar fylgjast með og taka þátt í leiknum á forsendum barnanna. Með aðstoð kennarans æfa börnin sig í að skiptast á og ganga frá eftir sig. Þeir aðstoða líka börnin við að finna sér viðfangsefni og leikfélaga ef þess er þörf og grípa tækifæri sem gefast til að æfa þau samskiptum. Þeir virða sköpunarþrá og leikgleði barnanna með því að hefta leikinn sem minnst.

Matartímar

Næring er þriðja meginstoð heilsustefnunnar og eins og áður sagði eru matseðlar yfirfarnir af næringarfræðingi. Hráefnið á að vera sem ferskast og allur matur er eldaður frá grunni á staðnum. Reynt er að takmarka salt og sykur, en auka neyslu á fersku grænmeti og ávöxtum.

Í matartímum á hvert barn sitt sæti og stólarinn er merktir og stilltir eftir hæð hvers og eins. Starfsmaður er við hvert matborð og áhersla lögð á stöðugleika í barnahópnum þar eins og annars staðar í starfinu. Við hjálpumst að við borðið, réttum hvert öðru, skömmtum okkur sjálf, séum við orðin nógu stór til þess og gerum allt sjálf sem við getum. Það má auðvitað spjalla saman við matborðið og kennarinn leggur áherslu á afslappað andrúmsloft, góð samskipti, borðsiði og fræðslu um næringu og hollustu.

Hádegissamvera

Eftir hádegismat er hvíldartími og þá sofa þau yngstu á dýnu, en eldri börnin hvíla sig í aldursskiptum hópum. Í samverustundum er lögð áhersla á málörvun og gjarnan verið með bækur sem kennari les fyrir börnin. Börnin skoða líka bækur og spjalla saman um efnið og myndirnar og „lesa“ hvert fyrir annað. Stundum eru sagðar sögur eða lögð fyrir verkefni og/eða unnið áfram með einhver hugðarefni barnanna. Þarna gefst líka tækifæri til að æfa slökun, beita nuddi og hlusta á rólega tónlist og hvíla sig þannig í erli dagsins.

Val

Þrisvar sinnum í viku eftir síðdegishressingu er valtími. Þá mega börnin velja sér viðfangsefni sem í boði er og áhugi er á hverju sinni. Viðfangsefni á báðum eldri deildum er í boði og blandast þá barnahópurinn í leik eftir áhugasviði.

Brottför

Þegar barn er sótt gefur starfsfólk sér góðan tíma til að koma á framfæri því sem gerðist yfir daginn, segja foreldrum frá öllu því skemmtilega sem einmitt þeirra barn gerði eða upplifði. Við kveðjum barn og foreldri hlýlega og þökkum fyrir daginn.

Faglegar áherslur

Einkunnarorð Álfasteins eru “ Með sól í hjarta”

Mikil áhersla er lögð á umhyggju fyrir barninu sem einstaklingi með réttindi og skyldur. Barnið á rétt á að þroskast í gegnum leik á eigin forsendum eins og frekast er unnt og velja sér viðfangsefni undir leiðsögn kennara. Á Álfasteini á að vera gaman að leika sér og vera til

yfirleitt. Með leikskólastarfinu viljum við líka sjá börnin þróa með sér sterka sjálfsmynd, lífsgleði og ánægju. Þau verði sjálfsöguð, líti á hreyfingu og hollustu sem hluta af daglegu lífi og séu fær um að sýna virðingu og vináttu í samskiptum. Jafnframt viljum við stuðla að alhliða þroska þeirra

Í daglegu starfi leggjum við áherslu á það umhverfi sem næst er barninu, barnið sjálft og fjölskyldu þess. Lögð er áhersla á að viðhalda íslenskum siðum og venjum, jafnhliða því að opna augu barnanna fyrir fjölmenningu og fjölbreytileika lífsins.

Meginmarkmið Álfasteins eru:

- að börnin öðlist leik- og sköpunargleði.
- að börnin hafi virðingu og vináttu að leiðarljósi í samskiptum.
- að börnin verði meðvituð um náttúruna og umhverfið.
- að börnin verði meðvituð um mikilvægi hreyfingar og hollustu.

Leiðir að markmiðum eru:

Að börnin öðlist leik- og sköpunargleði.

- Gefum frjálsum leik og listsköpun alltaf nægan tíma og rúm í dagskipulagi skólans.
- Stuðlum að því að börnin öðlist öryggi í leik- og listsköpun.
- Hvetjum börnin til að leika sér og skapa bæði ein og í hóp.
- Stuðlum að því að börnin geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir um val á viðfangsefnum.
- Hvetjum börnin til að vinna út frá eigin skynjun og hugmyndum.
- Höfum aðgengilegan margskonar efnivið í listsköpun og leik sem vekur forvitni og rannsóknarlöngun barnanna.
- Kynnum börnunum íslenskar hefðir og fjölbreytta menningu.

Að börnin hafi virðingu og vináttu að leiðarljósi í samskiptum.

- Hvetjum börnin til að sýna öðrum hlýlegt og vingjarnlegt viðmót.
- Leggjum áherslu á að börnin læri að leysa úr ágreiningsmálum.
- Börnin nýti sér Jákvaðan aga og Stig af stigi til að auka félagsfærni og lífsleikni sína.
- Heilsumst og tökum undir kveðjur með bros á vör.
- Erum vakandi fyrir því að hrósa og hvetja börnin.
- Erum heiðarleg og hreinskilin í samskiptum hvert við annað.
- Hvetjum börnin til að eiga frumkvæði og sýna sjálfstæði í starfi.
- Hvetjum börnin til að tala saman og hlusta hvert á annað.

Að börnin verði meðvituð um náttúruna og umhverfið.

- Kynnum fyrir börnunum dýr og gróður.
- Förum í vettvangs- og gönguferðir.
- Kynnum börnunum endurvinnslu og mikilvægi hennar fyrir náttúruna.

- Kynnum börnunum breytileika náttúrunnar frá einni árstíð til annarrar.

Að börnin verði meðvituð um mikilvægi hreyfingar og hollustu.

- Bjóðum upp á hollt og gott fæði.
- Stuðlum að daglegri hreyfingu barnanna úti og inni.
- Fræðum börnin um næringu og heilbrigði gegnum leik og starf.
- Eflum líkamsvitund barnanna og aukum hreyfifærni þeirra.

Með eflingu þessara þátta ýtum við undir alhliða þroska barna á leikskólaaldri. Það er þau fá góða fræðslu um næringu og hreyfingu og góða sjálfsvitund. Mikla æfingu í félagslegum samskiptum ásamt því að efla forvitni og auka færni sína til þekkingaröflunar.

Grænfáninn

Álfasteinn fékk Grænfánann sem viðurkenningu á virku umhverfisstarfi í fyrsta sinn vorið 2009 eftir innleiðingarferli sem leikskóli á grænni grein. Hann hefur síðan þá fengið endurnýjun á tveggja ára fresti. Í stuttu máli felst umhverfisstefnan í að gera okkur sjálfbær með því að ganga ekki of nærri náttúrunni, heldur nýta gjafir hennar á skynsamlegan hátt. Börnin taka þátt með því að læra að flokka ruslið til endurvinnslu, fylgjast með orkunotkun og þekkingu nærumhverfi. Síðustu sumur höfum við verið með þemavikur um t.d. fugla, pöddur, lauf, ber, blóm, vatn og annað sem tengist náttúrunni og nýtum þá efniviðinn líka í fjölbreyttri sköpunarvinnu. Einnig höfum við ræktað kartöflur og annað grænmeti. Næstu tvö ár ætlum við að leggja áherslu á lýðheilsu og munu starfsfólk og börn setja sér markmið og vinna að þeim. Farnar eru vettvangsferðir um næsta nágrenni og náttúran könnuð og hugað að verndun hennar. Við leikskólann starfar umhverfisráð og í því eru 5 starfsmenn og 2 börn.

Heilsustefnan

Haustið 2010 fór leikskólinn á heilsubraut og fékk fullgildingu sem Heilsuleikskóli vorið 2011. Í heilsuleikskólum er lögð áhersla á að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Hluti af stefnunni er að skrá í Heilsubók barnsins tvisvar á ári, þ.e. í afmælistánuði barnsins og sex mánuðum síðar, í framhaldi af fyrri skráningu eru foreldrasamtöl þar sem farið er yfir niðurstöður.

Jákvæður agi

Jákvæður agi (Positive Discipline) er agastefna Álfasteins en við höfum formlega innleiðingu á henni haustið 2013 eftir að hafa farið á námskeið og lesið okkur til um stefnuna. Markmið Jákvæðs aga er að kenna félagsfærni og lífsleikni með grunnhugtök stefnunnar í huga sem eru: virðing, góðvild og festa. Lögð er áhersla á gagnkvæma virðingu, samvinnu, virk samskipti, lausnir í stað refsinga og hvatningu.

Proskaathuganir

EFI – 2 er Málþroskaskimun sem kennarar Álfasteins leggja fyrir öll börn á fjórða ári. EFI – 2 kannar málskilning og tjáningarfærni barna.

Hljómpróf er notað til að skima fyrir lestrarerfiðleikum hjá öllum börnum í elsta árgangi í leikskóla. Prófið er lagt fyrir í september og aftur í febrúar ef niðurstöður eru undir meðallagi hjá barni.

Mio – stærðfræðiskimun er verkfæri sem kennarar Álfasteins nota í daglegu starfi með 2ja til 6 ára börnum til að meta stærðfræðifærni barnanna.

Heilsubók barnsins er veigamikill þáttur í leikskólasterfinu. Matsaðferðin felst í nákvæmri skráningu á þroska barns og færni með hliðsjón af áhersluþáttum leikskólans. Þeir þættir sem skráðir eru í bókina eru hæð og þyngd, næring og sjálfshjálp, lífsleikni, hreyfing og listsköpun auk þess eru veikindadagar barnsins skráðir í samvinnu við foreldra. Komi í ljós einhver frávik er haft samráð við foreldra til að leita úrræða sem fyrst.

Mat og umbætur

Innra mat 2023 Sjá nánar í innra matskýrslu skólans á heimasíðu Álfasteins

Heiti	Hvenær?	Umsjón/samantekt
Heilsubók barnsins útfyllt af starfsfólki	Í afmælimánuði barnsins og 6 mánuðum síðar	Kennarar
Matslisti heilsustefnunnar útfylltur af starfsfólki	Janúar	Tekið saman af Innramatsteymi leikskólans
EFI – 2	Öll börn á 4. ári	Tekið saman af sérkennslustjóra og aðstoðarskólastjóra
Hljómpróf, 5 ára börn,	Í september og febrúar.	Aðstoðarskólastjóri
Mio - stærðfræðiskimun	Allt árið	Stærðfræðiteymi
Grænfánagátlisti	Jafnóðum og verkefni er unnið. (Grænfánaúttekt á tveggja ára fresti framkvæmd af Landvernd)	Útfylltur af hverjum hópstjóra og tekin saman af formanni grænfánanefndar.
Foreldrasamtöl	Í afmælimánuði barns	Hópstjórar

Starfsmannasamtöl	Apríl ár hvert.	Leikskólastjóri
Matslisti Jákvæðs aga útfylltur af starfsmönnum	Janúar á tveggja ára fresti.	Tekið saman af Innramatsteymi leikskólans
Deildarstjóri eða hópstjóri tekur viðtöl við 5 ára börn	Apríl til maí	Tekið saman af deildarstjóra.
Starfsmannakönnun	Í nóvember annað hvert ár	Utanaðkomandi aðili
Foreldrakönnun	Í nóvember annað hvert ár	Leikskólastjóri

Úttekt á Grænfánaverkefningu er næst að vori 2024. Umbótaáætlanir munu verða gerðar í kjölfar hvernar matskýrslu eftir því sem þurfa þykir.

Teymi og ráð

Í Álfasteini er mikil áhersla á teymisvinnu þannig vinnur starfsfólk að sameiginlegum markmiðum, hefur tækifæri til ígrundunar, til að miðla sín á milli og til endurgjafar. Því erum við með teymisfundum í tengslum við helstu áhersluþætti í starfi leikskólans s.s. Heilsustefnuna, Grænfánann, Jákvæðan aga, læsi, stærðfræði og listir í leikskóla.

Hefðir skólans og fastir liðir

Starfsáætlun leikskólans er svipuð ár frá ári. Nýtt skólaár byrjar eftir sumarlokun og ný börn eru tekin inn á haustin í stað þeirra sem hættu til að hefja grunnskólagöngu. Í ár munu ný börn koma inn í ágúst og nóvember. Í september hefst vetrarstarfið með föstu dagskipulagi og er unnið eftir því fram í maí en þá tekur við sumarstarf sem einkennist meira af útiveru, leikjum og ferðum. Í lok september er haldinn fundur, þar sem starfsáætlun er kynnt foreldrum. Í byrjun október heldur foreldrafélagið Álfavinir aðalfund.

Gegnum árin hafa ákveðnar hefðir skapast.

- Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur 16. nóvember
- Ævintýradagur. Þá skreyta kennarar leikskólann svo að hann fær á sig ævintýralegan blæ. Boðið er upp á búninga, hoppukastala og dans.
- Haldið er uppá alþjóðlega bangsadayinn sem er 27. október, en þá mega börnin koma með bangsann sinn.
- Jólaball er haldið þegar nær dregur jólum, foreldraráð leikskólans sér um ballið.
- Þorablót er haldið á þorranum, auk þess að smakka á þjóðlegum mat búa börnin til víkingakórónur í tilefni dagsins. Við sýnum börnunum áhöld sem tengdust mat í gamla daga og segjum þeim frá ýmsum síðum tengdum þorranum.
- Bolludagur og sprengidagur er haldnir hátíðlegir með tilheyrandi veitingum.

- Öskudagurinn er haldinn með búningum, söng og gleði. Þá er haldið öskudagsball og “kötturinn” sleginn úr tunnunni, en tunnan inniheldur eitthvert lítilræði sem foreldrafélagið gefur og svo er öllum boðið uppá popp og vatn.
- Sveitaferð á vegum foreldrafélagsins er farin á hverju vori á bóndabæ, litlu lömbin skoðuð og önnur húsdýr sem þar halda til.
- Foreldrafélagið og leikskólinn standa fyrir vorhátíð á hverju sumri þar sem foreldrum og systkinum barnanna er boðið í pylsur og þá er sýning á því sem börnin hafa verið að vinna að yfir veturinn.
- Á sumrin er farin ferð í Kjarnaskóg þá eru grillaðar pylsur og foreldrum boðið með.
- Elstu börn leikskólans fara yfirleitt á Listasafnið, í Minjasafnskirkjuna og á Amtsbókasafnið ásamt reglulegum heimsóknnum í Þelamerkurskóla. Slökkviliðið kemur líka í heimsókn og býður svo þessum árgangi til sín á vorin.
- Uppákomur eru stundum á föstudögum. Þær eru til þess hugsaðar að koma okkur út fyrir fasta rammann og hafa gaman af. Í uppákomum eru ýmist börn eða fullorðnir í forgrunni og okkur er öllum hollt að geta hlegið hvert með öðru og hvert að öðru, enda sé það í góðu gert. Af viðfangsefnum má nefna náttfataball, rugludag, dekurdag, litadaga, ævintýradagar, rafmagnslausir dagar og skemmtanir sem börnin sjá um með kennurum sínum.
- Á hverju ári er haldin bókavika þá eru börnin hvött til að koma með bækur að heiman.
- Á hverjum vetri eru haldnar Fjölmeningarvikur, einn dagur helgaður hverju landi sem tengist uppruna barna og/eða starfsmanna.
- Nokkrum sinnum á ári bjóðum við fjölskyldum barnanna í kaffi, haldin eru karla- og konukaffi í tengslum við Bóndadag og Konudag. Að haustinu er líka stundum boðið uppá kaffi fyrir afa og ömmur.
- Af og til eru aðkeyptar leiksýningar og þá oft í samstarfi við Þelamerkurskóla.
- Þegar börnin eiga afmæli höldum við upp á afmælið í söng- eða samverustundinni. Þá fá börnin kórónu, við syngjum afmælissönginn og börnin fá að velja lög til að syngja eða leiki til að fara í.

Foreldrasamstarf

Að byrja í leikskóla – aðlögun

Góð samvinna og gagnkvæmur trúnaður foreldra og starfsfólks leikskóla er forsenda þess að leikskóladvölin verði barninu ánægjuleg og árangursrík. Mikilvægur þáttur í þessari samvinnu er aðlögun, þar sem lagður er hornsteinn að góðu samstarfi foreldra og starfsfólks leikskóla. Á þessu tímabili kynnast barn og foreldrar starfsfólki leikskólans og starfsemi hans.

Þegar barn byrjar í leikskóla er nauðsynlegt að hafa í huga þær breytingar sem það hefur í för með sér fyrir barnið. Það þarf að aðlagast nýju umhverfi, kynnast starfsfólki og börnum, læra að vera í hóp, hlíta reglum og fleira. Það er einstaklingsbundið, hve langan tíma aðlögun tekur en

gengið er út frá því að foreldrar séu með barninu í þrjá daga og lengur ef þörf er á. Hafi barnið verið fjarverandi um lengri tíma gæti það einnig þurft einhverja aðlögun.

Áður en aðlögun hefst eru foreldrar boðaðir á kynningarfund með deildarstjóra og leikskólastjóra þar sem þeim er sagt frá starfssemi leikskólans, sýndur leikskólinn og starfsfólkið kynnt fyrir þeim. Þá er einnig rætt um tilhögun aðlögunarinnar og mikilvægi þess að annað foreldri dvelji með barninu eins og þurfa þykir. Í upphafi aðlögunar hitta foreldrar deildarstjóran og fylla út upplýsingablöð um barnið, undirrita dvalarsamning og er bent á heimasíðu leikskólans sem inniheldur helstu upplýsingar um leikskólann og starfsemi hans.

Mikilvægt er að bera virðingu fyrir leik og starfi barnsins og veita því athygli, það gleður barnið og hvetur það í áframhaldandi starfi. Börnin eru að gera sitt besta, þau eru að leika sér og læra og þroskast hvert og eitt á sínum hraða og á sínum forsendum.

Foreldrasamtöl

Premur mánuðum eftir að leikskóladvöl barnsins hefst eru foreldrar boðaðir í samtal við hópstjóra barnsins til að ræða hvernig því vegnar í leikskólanum og hvernig aðlögunin hafi gengið.

Foreldrar eru boðaðir í foreldrasamtal árlega. Það samtal tekur „hópstjóri“ barnsins eða deildarstjóri. Þá er foreldrum kynntar niðurstöður úr skráningu í Heilsubók barnsins og öðrum athugunum sem starfsmenn hafa gert á þroska og framförum barnsins og aðilar ræða saman um hvernig barninu vegnar bæði heima og í leikskólanum. Eins geta bæði starfsmenn og foreldrar óskað eftir samtali ef þurfa þykir. Foreldrar eru líka boðaðir í samtal áður en barnið hættir í leikskólanum þar sem farið er yfir þroskaskema sem fylgir síðan barninu í grunnskólann. Foreldrar eru líka alltaf velkomnir í heimsókn í leikskólann.

Foreldrafundir

Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn að hausti ár hvert.

Foreldrafélag og foreldraráð

Foreldrafélag

Við leikskólann Álfastein er starfandi foreldrafélagið Álfavinir. Markmið foreldrafélaga er að efla tengsl foreldra við starf leikskólanna og tryggja velferð barnanna sem best.

Allir foreldrar/forráðamenn barna verða sjálfkrafa félagar um leið og barnið byrjar í leikskólanum. Foreldrafélagsgjald er innheimt með dvalargjaldi leikskólans og er 300 kr. á mánuði í 11 mánuði á ári.

Starfsreglur fyrir Foreldrafélag Álfasteins

1. gr. Félagið heitir Foreldrafélag Álfasteins. Starfsheiti skal vera Álfavinir.
2. gr. Allir foreldrar/forráðamenn barna eru félagar í foreldrafélaginu.
3. gr. Tilgangur félagsins er að stuðla að velferð barna og starfsfólks á Álfasteini og styrkja samskipti foreldra/forráðamanna barnanna og starfsfólksins sem þar starfar.

4. gr. Öllum félagsmönnum er frjálst að koma með tillögur til stjórnar um fræðsluefni eða upplýsingar er varða hina ýmsu þroskaþætti barna.
5. gr. Stjórn félagsins skipa 3 aðalmenn og 2 til vara og 1 frá Álfasteini. Að minnsta kosti einn úr stjórn sitja áfram í nýrri stjórn. Fulltrúi starfsfólks skal jafnan sitja stjórnarfundi. Kosning stjórnar skal fara fram á aðalfundi að fengnum tillögum stjórnar.
6. gr. Aðalfund félagsins skal halda að hausti ár hvert og boða með viku fyrirvara. Ef félagsmenn óska eftir fundi er stjórninni skylt að boða til fundar.
7. gr. Gjöld eru innheimt einu sinni í mánuði með leikskólagjöldum.
8. gr. Starfsreglum þessum má aðeins breyta á aðalfundi.
9. gr. Stjórn foreldrafélagsins er jafnframt foreldraráð leikskólans. Þar má ekki sitja foreldri sem einnig er starfsmaður leikskólans.
10. gr. Foreldraráðið fundar a.m.k. tvisvar sinnum á skólaárinu þar sem það sinnir umsagnar- og eftirlitshlutverki sínu.

Foreldraráð

Haustið 2008 var stofnað foreldraráð í samræmi við ný leikskólalög IV. kafla 11. grein. og eru foreldraráðsmenn jafnframt stjórnarmenn foreldrafélagsins.

Lög um leikskóla 2008. Foreldraráð.

Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja að lágmarki 3 foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og kosið til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur. Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði.

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, samb. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Öryggismál

Húsvörður Hörgársveitar sér um svokallaða rekstrarskoðun á útileiksvæði leikskólans á þriggja mánaða fresti. Einu sinni á ári fer fram aðalskoðun á útileiksvæði leikskólans sem framkvæmd er af starfsmanni BSI, samkvæmt reglugerð 942/ 2002 um öryggi leikvallatækja. Síðast gert sumarið 2022. Arkitekt lóðar er Ívar Ingvason hjá Landslag.

Starfsmaður frá Eldvarnareftirliti skoðar húsnæði leikskólans að hausti ár hvert, þá er skoðað hvort slökkvitæki og eldvarnarteppi séu í lagi, neyðarljós séu virk og neyðarútgangar séu opnir. Í húsinu er brunaviðvörðunarkerfi sem tengt er Securitas en það er yfirfarið af Ljósgefjanum einu sinni á ári ásamt neyðarljósum. Starfsmaður frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands Eystra kemur einu sinni á ári í leikskólann og skoðar húsnæði, húsbúnað skólans og útileiksvæði.

Ýmislegt

Starfsdagar, námskeiðsdagur og starfsmannafundir

Á hverju ári eru þrjú starfsdagar og einn námskeiðsdagur. Þeir eru notaðir til að skipuleggja og undirbúa starf leikskólans. Þá er lagt mat á það starf sem unnið hefur verið og einnig eru þessir dagar nýttir til endurmenntunar starfsmanna. Leikskólinn er þá lokaður. Sama gildir um námskeiðsdag. Yfir skólaárið eru fjórir starfsmannafundir á dagvinnutíma og þá er leikskólinn lokaður frá kl. 12. Allir lokunardagar eru auglýstir að hausti á upplýsingatöflu leikskólans, einnig er þá að finna í skóladagatali leikskólans á heimasíðu Álfasteins.

Fjarvistir og breytingar

Ef barnið vill ekki koma í leikskólann er nauðsynlegt að láta starfsfólk vita svo hægt sé að finna orsökina og vinna með barnið.

Nauðsynlegt er að tilkynna breytingar á högum og aðstæðum s.s. veikindi, fjarveru foreldra, nýtt heimilisfang, símanúmer, námslok námsmanna og breytta hjúskaparstöðu. Ef aðrir en foreldrar sækja börnin, er af öryggisástæðum nauðsynlegt að láta starfsfólk vita.

Fjarvistir vegna veikinda og hvað amar að barninu er skráð í Heilsubók barnsins. Foreldrar eru því beðnir að tilkynna allar fjarvistir og láta vita hvort um frí eða veikindi er að ræða.

Ef barn er fjarverandi 10 virka daga samfleytt, dregst fæðiskostnaður frá greiðslu.

Óski foreldrar eftir að barn taki frí í leikskólanum utan sumarleyfis er það heimilt, enda greiðist fullt dvalargjald barnsins.

Karellen

Leikskólakerfið Karellen er upplýsingakerfi fyrir foreldra sem Álfasteinn byrjaði að nota haustið 2018. Kerfið inniheldur app sem foreldrar geta hlaðið niður í símann sinn og fylgst með ýmsum þáttum er varðar barnið. Kerfið heldur meðal annars utan um mætingu, veikindi og frí. Foreldrar geta tilkynnt veikindi barns í gegnum kerfið og skrifað skýringu á veikindum. Kennarar skrá mætingu, svefn og hvernig börnin borða og einnig er hægt að senda myndir og einka- og hópskilaboð. Heimasíða leikskólans alfasteinnhorgarsveit.is er tengd kerfinu en þar er hægt að finna ýmsar upplýsingar ásamt skóladagatali og mánaðarplani leikskólans en á því er að finna alla viðburði skólans.

Veikindi barna

Veikist barnið skal það dvelja heima þar til það hefur verið hitalaust í a.m.k. 1 – 2 sólarhringa og endurheimt þrött sinn til að taka þátt í starfi leikskólans bæði inni og úti. Lyf eru ekki gefin börnum á leikskólanum nema vottorð liggja fyrir frá lækni um að lyfjagjöf á dvalartíma barnsins sé nauðsynleg. Deildarstjóri kvittar fyrir magni og móttöku lyfsins hverju sinni. Ekki er tekið við meira en vikuskammti í senn. Asmalýf eru þó undanþegin vottorði frá lækni.

Klæðnaður

Klæðnaður barnanna þarf að vera í samræmi við veðurfar og greinilega merktur barninu. Nauðsynlegt er að hafa aukafatnað meðferðis í leikskólann sem hægt er að geyma í leikskólanum

í körfu merktri barninu. Í leikskólanum fást eyðublöð fyrir pöntun á handhægum merkiborðum til að merkja fatnað barnanna.

Fatahólf barnanna þarf alltaf að tæma á föstudögum.

Óhöpp og slys - tryggingar

Þar sem mörg börn eru að leik geta alltaf orðið óhöpp eða slys. Ef slíkt kemur fyrir er strax haft samband við foreldra og farið með barnið á slysadeild ef þörf er talin á því. Þurfi starfsmenn eða foreldrar að fara með börn á slysadeild af leikskólanum greiðir leikskólinn fyrir fyrstu heimsókn en síðan foreldrar ef þörf er á frekari meðferð.

Hörgársveit hefur keypt tryggingu fyrir öll börn sem eru í leikskólanum.

Skilmálar eru í aðalatriðum þeir að öll skráð börn eru tryggð á leikskólatíma, á leið í og úr skóla og í ferðalögum á vegum skólans.

Óveður

Ef veður er vont og mikil ófærð, þá eru foreldrar vinsamlegast beðnir um að hringja á undan sér í leikskólann 460-1760. Auk þess er símanúmer leikskólastjóra 824-4180.

Lög og reglugerðir

Úr lögum um leikskóla frá 1. júlí 2008. – táknað úrfellingu úr texta.

III. KAFLI Starfsfólk leikskóla. 8. gr.

Þagnarskylda.

Starfsfólk leikskóla skal gæta fyllstu þagnarmælsku um hagi barna og foreldra þeirra, sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna og eðli máls. Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum. Þagnarskylda starfsfólks leikskóla nær ekki til atvika sem ber að tilkynna um lögum samkvæmt. Skal leikskólastjóri brýna skyldur þessar fyrir starfsfólki og sérstaklega tilkynningarskyldu þess samkvæmt barnaverndarlögum.

Á 9. grein er breyting frá apríl 2009 þar sem kveðið er á um rétt forsjárlausra foreldra til upplýsinga um hagi barns síns í leikskóla varðandi heilsufar þess, þroska, dvöl á leikskóla, skólagöngu, áhugamál og félagsleg tengsl.

Tilkynningaskylda

Leikskólinn starfar einnig eftir lögum nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna

Þar segir í 13 gr.

“Tilkynningaskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum og ungmennum. Hverjum, sem stöðu sinnar vegna hefur afskipti af málefnum barna og ungmenna og verður í starfa sínum var við óviðunandi misfellur á uppeldi og aðbúð barna eða ungmenna, er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart”.

“Tilkynningaskylda gengur að þessu leyti frammar ákvæðum laga um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta”.

Fylgiskjöl

[Skóladagatal: sjá heimasíðu leikskólans](#)

[Jafnréttisáætlun: sjá heimasíðu leikskólans](#)

[Eineltisáætlun: sjá heimasíðu leikskólans](#)

[Fjölmenningsstefna: sjá heimasíðu leikskólans](#)